

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Breyting deiliskipulags Lunda.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur þann 21. júní 2007 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Lunda á lóðinni Heiðarlundur 7.

Í breytingunni felst að byggingarreitur færist um 0,9 m til vesturs á rúmlega 7 m löngum kafla vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar sem kynnt hefur verið nágrönnum.

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytinganna.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Garðabæ, 29. júní 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar.

B-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2007